# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi fyrir Drangsnes, Kaldrananeshreppi.**

*Svæði E, skilmálabreyting.*

Gildandi deiliskipulag var samþykkt 4. febrúar 2015 og auglýst í B-deild Sjórnartíðinda 25. mars 2015, nr. 279/2015.

Skilmálar vegna svæðis E, Holtagata, ný gata, Vitavegur, og lóðar austan þjóðvegar við Kvíabala breytast þannig að stærðir íbúðarhúsa geta verið mismunandi eða allt frá 30 til 250 fermetra í stað 120 til 250 fermetra áður.

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt á sveitarstjórnarfundi þann 13. apríl 2019.

Samkvæmt heimild í 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en Kaldrananeshrepps og/eða umsækjanda.

*Drangsnesi, 15. apríl 2019.*

F.h. Kaldrananeshrepps,

**Jenný Jensdóttir** skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. maí 2019